


Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra • 3
2. Upplýsingagjöf, samstarf og vottun sjávarafurða • 4
3. Eftirlit • 6
4. Lax- og silungsveiði • 10
5. Stjórnábylgja og meðferð mála • 14
6. Álagning og innheimta • 15
7. Mannauður • 16
8. Upplýsingatækni • 18
9. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2020 • 19
10. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2020 • 22




FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

Ársskýrsla 2021



Skipurit



Fiskistofa er stjórnsýslustofnun sem heyrir undir atvinnu-vega- og nýsköpunarráðuneyti og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Stofnunin annast stjórnsýslu og eftirlit ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um sjávarútveg, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Fiskistofa mars 2022

Ljósmyndir: Sumarliði Óskarsson og Rúnar Ragnarsson

Umbrot: Egill Baldursson ehf

1. Formáli fiskistofustjóra

Árið 2021 var um margt ár breytinga á Fiskistofu þar sem mótuð var ný stefna fyrir stofnunina og stór skref voru stigin í átt að skilvirkara eftirliti með íslensku lög-sögunni og þá sérstaklega brottkasti.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur gagnrýnt að nánast engin gögn liggi fyrir um hversu miklum afla sé hent hér á landi. Fiskistofa fékk auk þess harðorðar athugasemdir frá Ríkisendurskoðun 2018 vegna veikburða og ómarkviss eftirlits. Það kemur íslenskum sjávarútvegi ekki til góða að sú saga nái fótfestu að á Íslandi sé óvirkt fiskveiðieftirlit. Fiskistofa hefur þegar brugðist við gagnrýni FAO og Ríkisendurskoðunar og fjárfest í drónum til að auka eftirlit. Það hófst í byrjun árs 2021. Áður en drónar voru teknir í notkun var fjöldi brottkastmála hjá Fiskistofu í kringum 10 mál á ári. Í lok nóvember árið 2021 var fjöldi mála kominn í 142. Það er ljóst að tíðni brottkasts segir ekki allt um magnið sem er hent en ljóst er að tegundar- og lengdarháð brottkast er mun meira en ætlað hefur verið hingað til á Íslandsmiðum. Eftirlitið með drónum hefur rækilega sannað ágæti sitt og mikilvægi þess að efla eftirlit með umgengni við auðlindana.

Mikilvægt er að umfang brottkasts sé metið á sem bestan hátt hverju sinni og þannig sé fylgst með umgengni um auðlindina á vísindalegan hátt. Fiskistofa hefur leitað eftir samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Landhelgisgæsluna um átaksverkefni til að meta umsvif brottkasts á Íslandsmiðum. Mikilvægt er að vandað verði til verka í slíku verkefni og að einnig verði skoðað hvernig úrræði nýtast til að koma í veg fyrir brottkast og hvort gera þurfi breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu til að draga úr því. Mikilvægt er að þetta sé allt gert í góðri sátt við hagaðila og að þeir taki þátt í þeirri vegferð að lágmarka brottkast.

Íslenskur sjávarútvegur er leiðandi á heimsvísu í tækni-þróun og mikilvægt að eftirlit verði það einnig þannig að litið verði til Íslands sem fyrirmyndar í umgengni við auðlindina á heimsvísu. Slíkt er hægt með sameiginlegu

átaki allra sem að greininni koma og mikilvægt fyrir orðspor íslenskra sjávarafurða og samkeppnistöðu þeirra á erlendum mörkuðum.

Á árinu var unnið að stefnumótun Fiskistofu sem kom formlega út í október 2021 og samfara því var nýtt skipurit samþykkt og innleitt. Áherslurnar í nýju stefnunni eru á að auka sjálfvirkni í starfsemi og vinna að starf-rænni þróun. Þetta á jafnt við um stjórnsýslu og þjón-ustu stofnunarinnar sem og veiðieftirlitið þar sem í auknum mæli verður horft til sjálfvirkni og beitingar á áhættumati við ákvarðanir um aðgerðir. Mikilvægt er að nýta betur möguleika í rafrænu og sjálfvirku eftirliti þar sem því verður við komið. Áherslan er á að fyrir-byggja brotlega hegðun með leiðbeiningu og upplýs-ingagjöf og stuðla þannig að betri umgengni um auð-lindina. Áfram verður unnið að þróun rafræns eftirlits og þróun á mælikvörðum til að meta umgengi um auðlindina.

Lagaumhverfi Fiskistofu þarf að styrkja til að hægt verði að þróa eftirlitið í takt við þróun tæknibreytinga þar sem horft er til sjálfvirknivæðingar og aukinnar eigin ábyrgðar greinarinnar við að sýna fram á skaðlausa hegðun. Gott regluumhverfi og eftirlit eru nauðsynleg fyrir nútíma-samfélög til að ná fram góðum lífskjörum. Almenn þarf að gera umhverfið þannig úr garði að það verði góður staður til að lifa, starfa og eiga viðskipti í. Skilvirkar og vandaðar eftirlitsstofnanir spila þar lykilhlutverk, en jafnframt er þeim ætlað að stuðla að framþróun, ný-sköpun, aukinni framleiðni og hagvexti.

Árið 2022 verður spennandi ár fyrir Fiskistofu sem fagnar 30 ára starfsafmæli. Á þeim tímamótum er mikilvægt að minna á hlutverk Fiskistofu sem skilvirkar og vand-aðar þjónustu- og eftirlitsstofnunar sem gegnir lykilhlut-verki í að efla og styrkja samkeppnistöðu íslensks sjávar-útvegs.

Mars 2022

Ögmundur Knútsson

2. Upplýsingagjöf, samstarf og vottun sjávarafurða

Fiskistofa safnar gögnum um veiðar og vinnslu afla, og skráir upplýsingar um aflaheimildir og stöðu þeirra. Stofnunin tekur saman margvíslegar upplýsingar úr þessum gögnum og birtir þær meðal annars á vef Fiskistofu. Nefna má reglulega birtingu á aflatölum yfirstandandi fiskveiðarárs og ársyfirlit sem gefið er út í október og hefur að geyma samanteknar upplýsingar um undangengið fiskveiðarárs.

Leitast er við að hafa heimasíðu Fiskistofu þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og lögð er áhersla á gagnvirkar síður þar sem notendur geta sótt upplýsingar beint úr gagnagrunnum. Fiskistofa sérvinnur einnig upplýsingar eftir beiðni gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá. Á árinu 2021 fór fram þróunarvinna við að efla rafræna upplýsingagjöf og auka möguleika notenda.

Nefna má nýtt gagnvirkt mælaborð Fiskistofu á vef stofnunarinnar þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um fiskiskip, hafnir, landanir, fisktegundir og aflamark. Þá er þar einnig að finna svonefnda Hafsjá sem sett var upp í samvinnu við Landmælingar. Þar er hægt að skoða margvíslegar upplýsingar um fiskveiðar á kortagrunni ásamt upplýsingum frá öðrum stofnunum sem tengjast hafinu í kringum Ísland. Þar má til dæmis sjá með myndrænum hætti lokanir hafsvæða með skýringum og tilvísun í reglugerðir.

Á árinu svaraði Fiskistofa 203 almennum fyrirspurnum sem er er nánast jafn margar og á fyrra ári. Athygli vekur að hlutföllin í hvaðan fyrirspurnir bárust breyttist nokkuð. Fyrirspurnum frá erlendum stjórnvöldum fækkaði um nánast helming og er talið að það sé vegna þess að flestar slíkar fyrirspurnir snúa að veiðivottorðum og hefur Fiskistofa lagt áherslu á að leiðbeina útflytjendum sjávarafurða í þeim efnunum svo að villum

hefur fækkað til mikilla muna hjá þeim við gerð útflutningsgagna. Hins vegar hefur fjölgað nokkuð fyrirspurnum frá aðilum sjávarútvegsins. Algengast er að spurt sé um veiðar, aflaheimildir og afla. Eins og undanfarin ár var töluvert um að vottunaraðilar íslenskra sjávarafurða óskuðu eftir gögnum og ár hvert er nokkuð um fundi með slíkum aðilum þegar þeir eru að gera úttektir á íslenskum sjávarútvegi. Fiskistofa svarar öllum fyrirspurnum sem berast stofnuninni og heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum.

Innlent samstarf

Fiskistofa leggur áherslu á samstarf við aðrar stjórn-sýslustofnanir og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að rækja hlutverk sitt sem best. Slíkt samstarf getur bæði stuðlað að aukinni skilvirkni og hagræði með það að markmiði að bæta bæði upplýsingagjöf og þjónustu ásamt því að auðvelda samskipti. Reglulegt samráð er haft við tollayfirvöld, Matvælastofnun, Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun, Fjárslu ríkisins, Hafnasamlagið, Skattinn og Samgöngustofu. Þá er Fiskistofa í reglulegum samskiptum og samstarfi um ýmis mál við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landssamband smábátæigenda. Einnig leggur Fiskistofa til kennara á lög-gildingarnámskeið fyrir vigtarmenn sem haldin eru á vegum Neytendastofu.


Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum alþjóðlegra fiskveiðieftirlitsstofnana. Eins og við er að búast hefur Covid-19 heldur betur áhrif á hvernig að þeirri þátttöku var staðið undanfarin tvö ár. Starfsmenn Fiskistofu ferðuðust ekkert erlendis á árinu en engu að síður tók Fiskistofa þátt í samstarfi alþjóðlegra í svipuðum mæli og undangengin ár. Fundahöld og öll samskipti færðust yfir á netið þar sem Fiskistofa stýðst einkum við Teams-kerfið við samskipti og fjarvinnu bæði innanbúðar og í samskiptum við ytri aðila innanlands og víðsvegar um heim.

Útgáfa vottorða

Fiskistofa ber ábyrgð á að gefa út veiði- og vinnsluvottorð sem nauðsynleg eru við útflutning á sjávarafurðum til þess að staðfesta að afurðirnar eigi uppruna sinn í löglegum veiðum. Evrópusambandið skilgreindi kröfur um þetta efni á sínum tíma og vottorðin eru sniðin að tilskipun þaðan en það færir æ meir í aukana að gerð sé krafa um þessi vottorð vegna útflutnings til landa utan ESB. Meðal annars eru þessi vottorð nauðsynleg á mikilvægum mörkuðum í Austur-Evrópu og víða í Asíu.

2.1 Uppruni fyrirspurna til Fiskistofu



Nefna má að fyrir liggur að Japanar munu innleiða veiðivottorðakerfi hjá sér frá áramótum 2022/2023 og fylgist fiskistofa með hvort og hvernig sú ráðstöfum hafi áhrif á hagsmuni Íslendinga við útflutning sjávarafurða þangað.

Frá áramótum 2018 gerðu bandarísk stjórnvöld kröfu um veiðivottorð vegna innflutnings þangað á þorski. Í samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld setti Fiskistofa upp rafrænt kerfi fyrir útgáfu vottorða vegna útflutnings til Bandaríkjaanna sem fór í loftið fyrir árslok 2017. Nú hafa stjórnvöld þar í landi áform um að útvíkka sínar kröfur í þessum efnium og mun Fiskistofa fylgjast með þeim málum og gæta hagsmuna útflytjenda þangað.

Á árinu 2021 voru gefin út 37.558 rafræn veiðivottorð sem er rúmlega 16% aukning frá fyrra ári. Útgefin vinnsluvottorð 2021 voru 602 og fjölgaði þeim um 28% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávarlífvera sem heyra undir svonefndan CITES-samning sem fjallar um viðskipti með lífverur á valista. Á árinu 2021 gaf Fiskistofa út 3 slík leyfi en á árinu 2019 voru þau 20 talsins. Það hefur því reynst eiga sér stað mikil fækkun á undanförunum þremur árum. Að þessu sinni var aðallega um útflutning að ræða á sýnum til vísindarannsóknna.



3. Eftirlit

Fiskistofa heldur uppi veiðieftirliti með öllum skipum í íslenskir lögsögu ásamt veiðum íslenskra skipa utan lögsögunnar. Enn fremur hefur Fiskistofa eftirlit með löndun og vigtun sjávarafli í íslenskum höfnum.

Eftirlit á árinu 2021 var oft á tíðum krefjandi þar sem heimsfaraldur Covid og tímabundnar sóttvarnarreglur leiddu til þess að minna var um eftirlit um borð í veiðiskipum á ákveðnum tímabilum. Engu að síður var reynt eftir fremsta megni að sinna eftirliti á sem öruggastan hátt fyrir bæði áhafnir skipa og eftirlitsmenn. Þannig var gripið til þess ráðs í einhverjum tilvikum að eftirlitsmenn færu í tímabundna einangrun og í framhaldinu í PCR próf áður en farið var um borð í veiðiskip. Þær takmarkanir og áskoranir sem heimsfaraldurinn hafði í för með sér ýttu þó enn frekar undir þróun eftirlitsins þar sem finna varð nýjar lausnir. Í janúar hóf Fiskistofa að nota dróna við eftirlit og voru þeir meðal annars notaðir til að fylgjast með brottkasti, löndunum, ólöglegum netaveiðum í sjó og eftirliti með framkvæmdum við ár og vötn. Fyrst um sinn var drónunum flogið eingöngu frá landi og nýttust þeir vel til eftirlits á grásleppuvertíð þar sem erfitt var að róa með minni bátum vegna sóttvarnarráðstafana. Frá júní 2021 hefur drónunum einnig verið flogið frá m.a. varðskipum. Þannig var t.d. fylgst með veiðum togara ásamt því að náði var fylgst með veiðum uppsjávarskipa. Brottkastsmálum fjölgaði umtalsvert á árinu vegna drónaeftirlits. Í apríl var stofnuð ný deild rafræns eftirlits og greininga þar sem aukin áhersla er nú lögð á rafrænt eftirlit og hagnýtingu gagna sem stofnunin safnar. Með notkun greiningartóla, áhættugreiningu og samkeyrslu gagna ásamt því að kerfin kalli fram frávik er stefnt að því að gera eftirlitið markvissara og beina því þangað sem þörfin er mest hverju sinni. Enn ríkari áhersla verður lögð á rafrænt eftirlit á árinu 2022 ásamt því sem stefnt er að því að birta enn meiri upplýsingar um starfsemi eftirlitsins og niðurstöður þess.

3.1 Eftirlit á sjó

Fiskistofa sinnti áhættumiðuðu sjóeftirliti innan skynsamlegra marka þegar slaki var í þjóðfélaginu og sóttvarnir um borð voru taldar ásættanlegar. Árið 2021 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu 762 daga á sjó við eftirlit með fiskiskipaflotanum. Störf veiðieftirlitsmanna um borð í fiskiskipum eru almennt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni og vinnsluháttum um borð í fiskiskipum ásamt gagnaöflum í þágu hafrannsóknna.

Á árinu mældu eftirlitsmenn Fiskistofu alls 105.130 fiska og kvarnaðir voru 2.479 fiskar. Einnig mældu eftirlitsmenn Fiskistofu 5.571 skeldýr, skrápdyr og krabba og skráðu 25 sjávarspendýr og fugla við störf sín um borð.

Ákveðið var að samstarfi Fiskistofu og Hafró í svokölluðu brottkastverkefni yrði fram haldið á árinu 2021, þrátt fyrir að ljóst væri að öflun gagna yrði flókin í heimsfaraldri. Verkefnið byggist á að gögnum er safnað til að rannsaka stærðartengt brottkast. Ákveðið var að einungis yrði mælt úr veiðarfærinu botnvörpu í því skyni að ná sem mestum fjölda mælinga fyrir það veiðarfæri. Reikni líkan fyrir verkefnið byggir á vissum fjölda mælinga í hverjum tilgreindum reit í lögsögunni.

Í brottkastverkefninu eru þorskur og ýsa mæld úr lönduðum aflu og aflu upp úr sjó frá sama skipi í samliggjandi veiðiferðum. Aðferðin byggist á því að brottkast sé lengdarháð og smáfiski sé hent en stærri fiskur hirtur. Mismunur þessara mælinga er síðan notaður til að meta stærðarháð brottkast. Árið 2021 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu samtals 33.472 fiska í brottkastverkefninu 26.035 þorskur og 7.437 ýsur. Stofnanirnar eru að skoða frekara samstarf um eftirlit með brottkasti, bæði tegundarháðu brottkasti byggt að mismuni tegunda í sjóferðum með og án eftirlitsmanns og brottkasti byggt á upptökum úr dróna eftirliti.


3.1 Fjöldi daga á sjó eftir árum

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Ísfiskskip	672	671	668	777	689	318	428
Vinnsluskip	699	719	505	473	440	253	334
Samtals	1.371	1.390	1.173	1.250	1.129	571	762

3.2 Brottkastverkefni

Ár	Mælt í landi		Mælt í sjó		Samtals
	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	
2018	23.708	11.156	59.310	21.346	115.520
2019	26.639	16.347	87.045	41.566	171.597
2020	5.871	1.644	19.321	8.551	35.387
2021	5615	1901	20420	5536	33472
Samtals	50.347	27.503	146.355	62.912	287.117

3.3 Fjöldi daga á sjó



Samstarf Fiskistofu og LHG

Fiskistofa og Landhelgisgæsla sinntu sameiginlegu eftirliti á miðunum árið 2021 eins og stofnanirnar hafa gert í gegnum árin. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í þrjár ferðir með varðskipum Gæslunnar árið 2021. Í upphafi árs var farið í eftirlit með loðnuveiðum fyrir austan land þar sem m.a. var farið um borð í loðnuskip sem voru á leið til löndunar erlendis og afli í lestum skipanna áætlaður með því að kanna hvort það væri í samræmi við uppgöfningu aflu skipanna til löndunar.

Í júní og ágúst var farið í eftirlit fyrir vestan og var megin tilgangur ferðanna að nota dróna við eftirlit úti á sjó, gekk það í alla staði vel og verður klárlega framhald á þess konar eftirliti.

Í töflu 3.4 má sjá fjölda skipa og fjölda landana íslenskra og erlendra veiðiskipa á uppsjávarfiski í íslenskum höfnum og eftirlit þar að lútandi.

Grásleppa

Útgefin leyfi til veiða á grásleppu voru 179. Eftirlit með grásleppuveiðum í upphafi vertíðar var með hefðbundnum hætti, haft er eftirlit með netalengd, merkingu veiðarfæra, meðafla og að öllum aflu sem í veiðarfærið kemur sé landað. Einnig er fylgt eftir þeirri skyldu að sjávarspendýr og fuglar séu rétt skráð í afladagbók. Þegar leið á vertíðina voru sóttvarnarreglur hertar og var þá ákveðið að draga úr eftirliti á sjó. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í 35 veiðiferðir með grásleppubátum. Gerðar voru 5 skýrslur vegna brota á reglum um hrognkelsaveiðar. Alls urðu 26 bátar uppvisir að brottkasti en 30 skýrslur voru gerðar vegna brottkasts á grásleppuveiðum eftir drónaefirlit, 2 skýrslur vegna ófullnægjandi merkingar veiðarfæra, 2 skýrslur vegna veiða án veiðileyfis og 1 skýrsla vegna afladagbóka.

3.4 Eftirlit með löndun á uppsjávarfiski

Ár	2020			2021		
	Landanir	Eftirlit	Hlutfall	Landanir	Eftirlit	Hlutfall
Landanir uppsjávarafli íslenskra skipa	453	66	14,6%	570	125	21,9%
Landanir uppsjávarafli erlendra skipa	19	3	15,8%	61	21	34,4%
Samtals	472	69	14,6%	631	146	23,1%

Vinnsluskip

Fullvinnsluskip sem stunduðu veiðar í efnahagslögsögunni voru sextán árið 2021 og fækkaði um eitt milli ára. Botnfiskur var flakaður um borð í 12 skipum, heilfrystur, haus- og/eða sporðskorinn um borð í 2 skipum, uppsjávarafli var unnin um borð í 2 skipum. Heildarfjöldi landanna á afurðum vinnsluskipa árið 2021 voru 214.

Eftirlit með vinnsluskipum gekk vel árið 2021 og voru eftirlitsmenn Fiskistofu 334 daga um borð í vinnsluskipum til eftirlits, þar af 7 daga um borð í grænlenksu uppsjávarfrystiskipi.

Auk þess að fara í róður með skipum og viðhafa hefðbundið eftirlit til sjós, felst eftirlit Fiskistofu með vinnsluskipum í að rýna nýtingarskýrslur, telja nýtingarsýni við löndun og bera saman við skráningu í gagnasafn skipsins og að þíða upp vinnslu- og nýtingarsýni og kanna hvort nýtingarsýni sem ákvarða kvóta veiðiferðarinnar lýsi í raun vinnsluháttum um borð. Einnig er reiknað út miðað við uppgöfningu vinnslunýtingu uppsjávarskipanna hversu mikið á að vera af hrati í tönkum skipsins þegar búið er að landa og vigta frystar afurðir.

Úttektir Fiskistofu á afurðum vinnsluskipa árið 2021 voru 27 talsins, 24 úttektir þar sem þíddar voru upp afurðir og bornar saman og 3 sinnum voru þessar taldar og bornar saman við gögn frá skipstjóra.

Af þeim 27 skoðunum við löndun vinnsluskipa sem eftirlitsmenn Fiskistofu framkvæmdu árið 2021 voru í 6 skipti sem afurð var felld á grunnstuðul þar sem að mat Fiskistofu var að nýtingarsýni gæfu ekki rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð.

Árið 2021 voru gerðar 2 brotaskýrslur vegna skipa sem vinna aflu um borð.

Í samstarfssamningi Fiskistofu og Matvælastofnunar er m.a. kveðið á um að veiðieftirlitsvið Fiskistofu annist stöðumat í vinnslu- og frystiskipum. Þá skoða eftirlitsmenn Fiskistofu hvort og hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum eftirlitsmanna Matvælastofnunar á vinnslu- og frystiskipum. Matvælastofnun voru sendar upplýsingar vegna 6 veiðiferða.

Skyndilokanir

Skyndilokunum er beitt til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á smáfiski en einnig ef veitt er umfram veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar á vissum veiðisvæðum. Einungis var sex sinnum gripið til skyndilokanna á árinu 2021. Tvisvar var lokað vegna mælinga um borð í togara í ufsa og grálúðu, einu sinni vegna ýsu í afla dragnotabáts og einu sinni vegna smás þorsks í afla handfærabáts. Í tvö skipti var síðan svæði lokað þegar afli á veiðisvæði var kominn að mörkum veiðiráðgjafar Hafrannsóknarstofnunar í ígulkerjum og sæbjúgum.

Þær breytingar sem gerðar voru á viðmiðunarmörkum til skyndilokana eru stór þáttur í því að ekki eru fleiri skyndiloknari en raun ber vitni, en fleiri breytur er þó líklega til staðar í þeim efnunum.

3.5 Heildarfjöldi skyndilokana 2021 eftir fisktegundum

Fisktegund	Fjöldi
Þorskur	1
Ýsa	1
Grálúða	1
Ufsi	1
Ígulker	1
Sæbjúga	1
Samtals	6

3.6 Fjöldi skyndilokana 2021 eftir veiðarfærum

Fisktegund	Fjöldi
Botnvarpa	2
Dragnót	1
Handfæri	1
Plógur	2
Samtals	6

3.2 Eftirlit í landi

Vigtun sjávaraflla

Allur afli sem landað er á Íslandi skal vigtaður og skráður á hafnarvog. Heimilt er að senda ísaðan afla til endurvigtunar og gefur Fiskistofa út leyfi til endurvigtunar á bolfiskafla. Við lok árs 2021 voru í gildi 85 endurvigtunarleyfi hjá 18 fiskmörkuðum og 67 fiskvinnslum. Um óbreyttan fjölda er að ræða milli ára. Eftirlitsmenn Fiskistofu viðhöfðu eftirlit með endurvigtun í 74 skipti hjá 74 vigtunarleyfishöfum á árinu 2021 eða hjá tæplega 90% leyfishafa.

3.7 Tegund og fjöldi vigtunarleyfa

Fiskitegund	Fjöldi 2021
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	1
Heimavigtun – uppsjávarvinnsla	6
Heimavigtun – bræðsla	10
Endurvigtun – fiskvinnsla	67
Endurvigtun – fiskmarkaðir	18
Samtals	102

Fiskistofa gefur einnig út leyfi til heimavigtunar afla. Í því felst undanþága frá vigtun afla á hafnarvog og eru slík leyfi háð ríkum skilyrðum um m.a. vigtarbúnað, innra eftirlit leyfishafa, eftirlit hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað o.s.frv. Heimavigtunarleyfi eru eingöngu gefin út til vigtunar á uppsjávaraflla og voru slík leyfi 16 við lok árs 2021, sex hjá uppsjávarvinnslum og 10 hjá fiskimjölsverksmiðjum. Eftirlitsmenn Fiskistofu viðhöfðu eftirlit með vigtun afla í 37 skipti hjá 14 leyfishöfum á árinu 2021.

Þá var í gildi eitt vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila sem vigta afla í umboði og á ábyrgð hafnaryfirvalda. Slík leyfi eru veitt aðilum sem vigta nær eingöngu úr skipum sem vinna og frysta afla um borð.

Finna má upplýsingar um vigtunarleyfishafa á vefsíðu Fiskistofu.

Strandveiðar

Á tímabilinu maí, júní, júlí og ágúst 2021 var heimilt að veiða á handfæri allt að 10.000 tonn af þorski, 1.000 tonn af ufsa og 100 tonn af gullkarfa eða samtals 11.100 tonn af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Í júlí 2021 voru heimildir til strandveiða auknar sem um nemur 1.171 tonn af þorski. Með þessari aukningu varð heildarmagn í þorski á strandveiðum alls 11.171 tonn og samtals 12.271 tonn af óslægðum botnfiski. Síðasti dagur strandveiða var 18. ágúst 2021. 688 strandveiðileyfi voru gefin út árið 2021 og er það fjölgun um 11 leyfi frá því á síðasta strandveiðitímabili. Fiskistofa hefur eftirlit með því að skilyrði fyrir strandveiðileyfum séu virt og fer það einkum fram með rafrænum hætti. Alls voru 63 brotamál stofnuð á báta með strandveiðileyfi árið 2021. 55 útgerðir fengu leiðbeiningarbréf, 5 fengu skriflega áminningu, einn fékk leiðbeiningu á vettvangi, eitt brotamál var felld niður og eitt er enn í vinnslu.

Afladagbækur

1. september, í byrjun nýs fiskveiðiárs 2020/2021, rann út bráðabirgðaákvæði reglugerðar 298/2020 um skráningu og rafræn skil aflaupplýsinga, sem heimilaði skil á afladagbók í pappírformi. Við tók breytt umhverfi fyrir marga skipstjóra smærri báta. Árið 2021 voru send út 70 leiðbeiningarbréf vegna rafrænna afladagbóka og 6 bátar fengu formlega áminningu vegna vanskila. Enginn bátur var sviptur veiðileyfi á árinu 2021 vegna vanskila á rafrænni afladagbók.

Hafnríkiseftirlit

Fiskistofa framfylgir hafnríkiseftirliti bæði á vettvangi Norðvestur Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Tilgangur hafnríkiseftirlitsins er að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar. Fiskistofa hefur skuldbundið sig til að sinna eftirliti í að lágmarki 15% tilfella með frystum afurðum þegar um er að ræða löndun erlendra skipa á Íslandi með afla af NAFO veiðisvæðinu. Á árinu 2021 voru 6 hafnkomur og landanir með afla af NAFO svæðinu en þær voru 5 á árinu 2020. Eftirlit var haft með einni löndun eða 16,7%.

Að sama skapi skuldbindur Fiskistofa sig til að viðahafa eftirlit með 7,5% landana á frystum afurðum og 5% landana fersks afla af NEAFC-veiðisvæðinu.

Hafnkomur skipa af NEAFC svæðinu voru 175 á móti 114 árið áður. Landanir úr erlendum skipum með afla af NEAFC veiðisvæðinu voru 142 á móti 93 árið áður. Fjöldi hafnkoma féll mjög skarpt í upphafi Covid-19 faraldursins en jókst svo aftur á árinu 2021. Fullt eftirlit var með 13 skipum af 55 sem komu inn til löndunar með ferskan afla eða með 7,6% landana. Eins var fullt eftirlit með 7 skipum af 92 sem lönduðu frystum afla á árinu. Á árinu 2021 komu 33 erlend skip til hafnar án þess að landa. Þrjú skip af 20 skipum sem voru skoðuð voru uppvís að broti eða 15% skipa sem voru skoðuð. Tvö skipanna voru uppvís að brotum sem skilgreind eru sem alvarleg brot skv. alþjóðlegum viðmiðum.

Eftirlitið felur m.a. í sér að fylgst er með löndun frá upphafi til enda, gerður er samanburður á magni og tegundum sem tilkynnt hefur verið um af viðkomandi skipi og lönduðum afla. Eftirlitsmenn fylgja eftir ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit. Brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit eru t.d. ófullnægjandi merkingar á frystum afla, landanir án samþykkis hafnríkisins og misræmi á milli áætlaðs afla og landaðs afla. auk þess er Fiskistofa með rafrænt eftirlit með erlendum skipum.

Notkun dróna við eftirlitsstörf hófst í janúar og voru brottkasmál sem sáust við drónaeftirlit alls 142. Í einhverjum tilvikum var þó tveimur brottkasmálum slegið saman í eitt þar sem sami bátur var staðinn að brottkasti á meðan fyrra mál var enn til rannsóknar og meðferðar.

Rafrænt eftirlit og greining

Á árinu 2021 var stofnuð ný deild innan veiðieftirlitssviðs Fiskistofu sem sér um rafrænt eftirlit og greiningu. Til-

3.8 Hafnríkiseftirlit

Ár	2020			2021		
	Landanir	Eftirlit*	Hlutfall	Landanir	Eftirlit*	Hlutfall
NEAFC	93	2	2,2%	142	20	14,1%
NAFO	5	0	0,0%	6	1	16,7%
samtals	98	2	2,0%	148	21	14,2%

*Fullt eftirlit (e. full control)

3.9 Eftirlit með drónum

	Klst. á flugi	Fjöldi fluga
Æfing	26	108
Eftirlit	240	700

gangurinn er að hagnýta gögn Fiskistofu til þess að leggja mat á áhættuþætti við eftirlit og jafnframt að gera upplýsingar, t.a.m. um eftirlit, aðgengilegri á vefsíðu stofnunarinnar. Þannig hefur Fiskistofa t.a.m. reglulega birt upplýsingar um aflasamsetningu skipa þegar eftirlitsmaður er um borð í veiðiferð. Stefna stofnunarinnar er að gera fleiri slíkar upplýsingar aðgengilegar almenningi. Einnig er aukin áhersla nú lögð á notkun greiningartóla og samkeyrslu gagna ásamt því að greiningartólin kalli fram frávik. Þannig er mögulegt að bregðast fyrir við frávikum auk þess sem frávik uppgötvast mun fyrir en áður.

Á undanförunum árum hefur Fiskistofa gert upplýsingar um landanir skipa aðgengilegar á vefsíðu sinni. Þar má finna upplýsingar um landaðan afla allra skipa sem stunda veiðar í íslensku lögsögu. Auk þess má þar finna upplýsingar um niðurstöður endurvigtunar hjá leyfishöfum úr einstaka löndun. Þá birtir stofnunin reglulega niðurstöður endurvigtunar afla þegar eftirlitsmenn viðhafa eftirlit með endurvigtun í samanburði við aðrar vigtanir hjá leyfishafa á sama tímabili. Þá er reiknað út vegið meðalíshlutfall hjá vigtunarleyfishafi á því tímabili, þ.e. meðalíshlutfall að teknu tilliti til magns í löndun og niðurstaða vigtunar undir eftirliti borin saman. Ætlunin er að birta enn frekari greiningar og frávik á heimasíðu Fiskistofu á komandi ári.

Hvalveiði

Hrefnuveiðar voru ekki stundaðar við Ísland 2019 og 2020. Árið 2021 var ein hrefna veidd við Ísland. Engar langreyðarveiðar voru stundaðar 2021. Fiskistofa hefur haft eftirlit með slíkum veiðum síðan 2009.

3.10 Hvalveiðar

Ár	Hrefna	Langreyður
2009	81	125
2010	60	148
2011	58	0
2012	52	0
2013	35	134
2014	24	137
2015	29	255
2016	45	0
2017	17	0
2018	6	146
2019	0	0
2020	0	0
2021	1	0

4. Lax- og silungsveiði

Hafrannsóknastofnun safnar upplýsingum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur árlega út skýrslu með samantekt um veiðina. Heildarfjöldi stangveiddra laxa sumarið 2021 var um 36.300 fiskar, sem var um 19,5% samdráttur frá 2020 og 12,5% undir meðalveiði árána frá 1974.

Í tölum um heildarlaxveiði eru taldir villtir laxar, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt). Laxveiði í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða var alls um 7.500 laxar sem er um helmingur þess sem veiddist 2020 sem var 14.832 laxar. Stór hluti skýringar á minni laxveiði árið 2021 samanborið við 2020 er vegna færri veiddra laxa í ám sem byggja á sleppingum gönguseiða (Mynd 4.1).


Mynd 4.2 sýnir netaveiði á laxi á árabílinu 1974 til 2020 en upplýsingar liggja ekki fyrir um afla í netaveiði árið 2021.

Veiðiskráning


Veiðifélögum og veiðiréttarhöfum þar sem ekki eru veiðifélög ber að skrá og skila upplýsingum um veiði á vatnasvæði sínu til Fiskistofu. Hafrannsóknastofnun úthlutar veiðibókum og safnar veiðiupplýsingum frá veiðifélögum í umboði Fiskistofu. Veiðifélög hafa veiðibækur aðgengilegar veiðimönnum til að skrá veiði sína. Í lok hvers veiðitíma hefur Hafrannsóknastofnun kallað eftir því að veiðibókum sé skilað og séð um að skrá upplýsingar um veidda fiska úr veiðibókum í rafrænan gagnagrunn.

Um árabíl hefur veiðifélögum staðið til boða að skila upplýsingum um veiði inn á rafrænu formi í gagnagrunninn. Takmörkuð þátttaka hefur þó náðst meðal veiðifélaga og veiðiréttarhafa og er því mikil vinna fyrir Hafrannsóknastofnun að skrá veiði úr veiðibókum á rafrænt form. Á allra síðustu árum hafa opnast möguleikar til notkunar á smáforritum eða rafrænum leiðum til að

4.1 Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974–2021 skipt í afla, veitt og sleppt og afla úr sleppingum gönguseiða



4.2 Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi á árunum 1974–2020 (2021 áætlað).





skrá og skila veiðiuplýsingum. Fiskistofa og Hafrannsóknastofnun skoða nú leiðir til þess að auka þátttöku veiðifélaga í rafrænni skráningu og stefnt er að því að hún verði almenn og að veiðifélögum verði gert að skila upplýsingum um veiði á rafrænu formi. Mikilvægt er að gæðum skráningar verði viðhaldið en veiðiskráning hér á landi er með því besta sem þekkist. Áfram verður veiðibókum úthlutað til veiðifélaga og upplýsingum um veiði safnað í þær við veiðiár. Ávinningur af beinni rafrænni skráningu er að með því móti geta veiðiuplýsingar orðið aðgengilegar á rafrænu formi í rauntíma yfir veiðitímamann og aukið með því og bætt aðgengi að veiðiuplýsingum.

Merkingar

Á árinu voru seld 425 útvortis slöngumerki til að merkja laxfiska ásamt 40.000 örmerkjum vegna seiðasleppinga og rannsókna tengdum þeim. Kaupendur voru bæði ýmsir sem rannsaka fisk í ám og vötnum og stangveiðieða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í ár. Skila skal skýrslu um notkun merkjanna til Fiskistofu. Á haustdögum 2020 og í byrjun árs 2021 bárust 43 örmerkjasnoppur til Hafrannsóknastofnunar og Laxfiska ehf til aflestrar vegna laxa sem veiddust árið 2020. Einnig bárust frá veiðimönnum um 30 útvortis merki.

Lesin merki eru færð í gagnagrunn sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa sem viðkomandi merki tilheyrja. Upplýsingar um merkta laxa eru sendar til Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES). Samtals örmerktu Hafrannsóknastofnun og Laxfiskar ehf 62.813 laxaseiði 2020 sem síðan komu fram í veiðum 2021 sem eins árs lax. Um 4,2% laxaseiðanna voru af náttúrulegum uppruna (ekki eldisseiði). Til viðbótar voru um 165 laxar merktir með útvortismerki 2020.

Veiðifélög og veiðivarsla

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber Fiskistofa ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Þannig staðfestir hún og birtir samþykktir og arðskrár veiðifélaga í Stjórnartíðindum. Á árinu voru átján mál tengd samþykktum veiðifélaga til umfjöllunar. Einnig voru sautján nýtingaráætlanir veiðifélaga til umfjöllunar hjá Fiskistofu. Öllum veiðifélögum ber að setja sér nýtingaráætlun. Enn eiga mörg veiðifélög eftir að skila nýtingaráætlunum, einkum fyrir veiði í sjóbirtings- og sjóbleikjuám.

Fiskistofa fjallar um fiskræktaráætlanir veiðifélaga í samræmi við lög nr. 58/2006 um fiskrækt. Alls voru nítján fiskræktaráætlanir til umfjöllunar hjá Fiskistofu 2021. Ábendingar og upplýsingar sem borist hafa Fiskistofu benda til þess að fiskrækt sé stunduð án þess að fyrir liggi staðfest fiskræktaráætlun í sumum tilvikum. Þegar slíkar upplýsingar berast aflar Fiskistofa nánari upplýsinga og leiðbeinir veiðifélögum um hvernig rétt er að standa að málum.

Fiskistofu ber að úrskurða ef upp kemur ágreiningur innan veiðifélags um ákvarðanir og stjórnarhætti. Tvö mál bárust Fiskistofu vegna ágreinings um lögmæti ákvörðunar í veiðifélagi á árinu.

Eftirlit með veiði á laxfiskum

Fiskistofa gefur út skipunar- og erindisbréf til veiðivarða sem veiðifélög ráða til sín, en með þeim fá veiðiverðirnir m.a. heimild til að leggja hald á ólögleg veiðitæki og afla. Alls voru 45 slík bréf gefin út á árinu 2021. Fiskistofa réði eftirlitsmann yfir sumarmánuðina 2021, einkum til að kanna netalagnir í sjó í samvinnu við eftirlitsmenn Fiskistofu. Árið 2021 var slíku eftirliti sinnt eins og á liðnum árum og athuganir gerðar á því hvort reglur

væru virtar vegna netalagna við strendur landsins. Dróni var notaður í nokkur skipti við það eftirlit. Einnig var eftirliti sinnt úr báti með ströndum Borgarfjarðar. Þá fóru eftirlitsmenn Fiskistofu fjórum sinnum í eftirlitsflug með Landhelgisgæslunni, þar sem farið var á Vestfirði og Hornstrandir, Vesturland og Norðurland.

Í eftirliti Fiskistofu hefur komið fram að netum í sjó með ströndum landsins hefur fækkað mjög síðustu ár. Svo virðist sem áhugi á slíkum veiðum fari dvinandi.

Eftirlit vegna framkvæmda við veiðivötn

Eftirlit Fiskistofu leiddi til þess að þrjú mál vegna meintra brota vegna framkvæmda við veiðivötn var vísað til lögreglu. Um var að ræða framkvæmdir án leyfis Fiskistofu í eða við veiðivatn og allt að 100 metra frá bakka, sem áhrif geta haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti.

Skipulagsmál, mannvirkjagerð og efnistaka

Fiskistofa gefur út leyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Mörg erindi berast sem snúa að efnistöku. Þegar um minniháttar malartekju úr áreyrum hefur verið að ræða, og ekki er talið að lífríki skaðist, hefur landeigendum verið veitt heimild til langs tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum ána og veiðivegum á vorin fyrir veiðitíma. Nokkuð er um að efnistaka fari fram í óleyfi, en það eykur hættu á því að skaði hljóti af. Þegar ábendingar koma fram um slíkt

hefur Fiskistofa rannsakað málin og látið stöðva framkvæmdir eftir atvikum. Árið 2021 voru 104 umsóknir til umfjöllunar og var 71 leyfi veitt vegna margvíslegra framkvæmda við ár og vötn.

Fiskistofa veitir ýmsum umsagnir: Orkustofnun vegna leyfisveitinga, Matvælastofnun vegna útgáfu rekstrarleyfa í fiskeldi, Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum og sveitarfélögum vegna skipulagsmála þegar framkvæmdir geta hafa áhrif á lífríki í ám og vötnum. Á árinu 2021 voru til umfjöllunar 100 slík erindi.

Ósk um að bann yrði sett við netaveiði göngusilungs í sjó

Ósk um að bann yrði lagt við netaveiði í netlögum við Faxaflóa barst frá Sambandi borgfirskra veiðifélaga. Helsti rökstuðningur fyrir banninu væri að ástand bleikjustofnsins væri mjög bágborið m.a. samkvæmt veiðiskýrslum.

Einnig barst ósk um að Skjálfandaflói yrði friðaður fyrir netaveiði á göngusilungi frá Veiðifélagi Laxár í Aðaldal og Veiðifélagi Mýrarkvísar ásamt Veiðifélagi Reykjaldalsár og Eyvindarlækjar. Beiðnin var sett fram vegna stöðu laxa- og silungastofna í vatnakerfi Laxár.

Báðum óskum um að bann yrði lagt við netaveiði göngusilungs við Faxaflóa annars vegar og Skjálfandaflóa hins vegar sumarið 2021 var hafnað.





Fiskeldi og slysasleppingar

Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu hefur það hlutverk að bregðast við og stjórna veiðum ef slysaslepping verður úr fiskeldi. Samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, með síðari breytingum, ber Fiskistofu einnig að rannsaka að eigin frumkvæði ef grunur vaknar um að fiskar hafi sloppið úr eldi. Fiskistofa hefur netabúnað til taks á starfsstöðvum sínum fyrir það verkefni til að geta brugðist við ef grunur vaknar um að eldisfiskar hafi sloppið. Árið 2021 barst Fiskistofu ein tilkynning um það að einn lax hafi sloppið í starfsemi Arnarlax við lúsatalningu við Laugardal í Tálknafirði. Einnig barst tilkynning í ágúst vegna mögulegrar slysasleppingar á laxi þegar gat fannst á sjókví Arnarlax við Haganesvík. Veiðieftirlitsmaður Fiskistofu tók þátt þegar netaveiði var reynd við umrædda kví, en ekki veiddist lax í netin og var aðgerðum hætt. Ein tilkynning barst vegna slysasleppingar á bleikju í Varmá.

Fiskræktarsjóður

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Breyting var gerð á lögum um fiskræktarsjóð árið 2019 og hefur verið fallið frá innheimtu gjalds frá veiðifélögum í sjóðinn. Áfram verða þó veittir styrkir úr sjóðnum.

Stjórn sjóðsins fer með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verkefna. Núverandi formaður sjóðsins er Hermann Brynjarsson. Á vef Fiskistofu eru nánari upplýsingar um sjóðinn og skrá yfir úthlutanir Fiskræktarsjóðs.

Selveiði

Fiskistofa veitir takmörkuð leyfi til selveiði til eigin nytja innan netlaga þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsilag. Árið 2021 voru 8 leyfi til að veiða 43 landseli og 21 útseli veitt. Veiðiskýrslum var safnað frá leyfishöfum sem sýndu að aðeins einn landselur hafði verið veiddur.

Álaveiði

Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á áli til eigin neyslu þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsilag, í samræmi við reglugerð nr. 408/2019 um bann við álaveiðum. Leyfi eru bundin því skilyrði að allur aflur sé skráður og að Fiskistofu verði sendar árlega skýrslur um sókn og afla. Árið 2021 var auglýst eftir umsóknum um álaveiðar og bárust 7 umsóknir. Voru 6 veiðileyfi fyrir ál gefinn út og einni umsókn hafnað.

5. Stjórnsýsla og meðferð mála

Fiskistofa sinnir mikilvægum stjórnsýsluverkefnum vegna fiskveiða. Meðal helstu verkefna eru:

- Útgáfa allra veiðileyfa
- Úthlutun aflaheimilda
- Millifærsla á aflaheimildum og aflahlutdeild
- Úthlutun byggðakvóta
- Svör við fyrirspurnum og upplýsingagjöf

Útgáfa veiðileyfa

Allar fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar leyfi frá Fiskistofu. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, aflamarksleyfi og króka-aflamarksleyfi og eru þau ótímabundin. Þau voru 1.151 á árinu. Útgefin leyfi til eins árs voru 1.130 á árinu 2021. Þau skiptust með eftirfarandi hætti:

Útgefin grásleppuveiðileyfi	182
Útgefin dragnótarveiðileyfi	39
Útgefin strandveiðileyfi	687
Útgefin leyfi í erlendum lögsögum	12
Útgefin sérveiðileyfi	73

Veiðileyfi fyrir erlend skip í íslenskri lögsögu voru 137 árið 2021.

Úthlutun aflaheimilda

Fiskistofa sér um að úthluta aflaheimildum sem gefnar eru út af matvælaráðuneyti fyrir hvert fiskveiðiár. Aflamark og krókaaflamark er reiknað á grundvelli hlutdeilda sem skráð eru á skip. Alls var úthlutað 476.651 tonnum eða 322.346 þorskígildistonnunum.

Milli skipa var flutt mest af þorski um 93.632 tonn, 66.975 tonn af makríl voru flutt milli skipa og 57.000 tonn af ufsa. Þetta eru veltitölur.

Úthlutun byggðakvóta

Byggðakvótaheimild ársins var 4.802 tonn og frá fyrra ári færðust 1.230 tonn þannig að alls voru 6.032 tonn til úthlutunar á árinu 2021. Þegar úthlutun var lokið voru enn eftir 844 tonn og af þeim fluttust 794 tonn á næsta ár.

Meðferð mála

Fiskistofa hefur eftirlit með því að farið sé að lögum og reglum sem gilda um veiðar, umgengni um nytjastofna og meðferð afla. Fiskistofu er í mörgum tilfellum ætlað að bregðast við brotum á lögum og reglum með beitingu stjórnsýsluviðurlaga. Viðurlögum er ætlað að hafa varnaðaráhrif sem miða að því að draga úr eða afstýra frekari brotum. Helstu úrræði Fiskistofu vegna brota eru áminning, svipting veiðileyfis og afturköllun leyfis. Meint brot geta einnig sætt kærur til lögreglu og í einhverjum tilfellum er það eina tiltæka úrræðið til að bregðast við broti.

5.1 Yfirlit yfir fjölda og tilefni mála 2021:

Mál alls	339
Afladagbækur	91
Aflameðferð ólögsmæt	1
Aflaskráning	3
Álagning gjalds vegna ólögsmæts sjávarafila	1
Brotamál	258
Brotkast	70
Framhjálöndun	1
Fullvinnsluskip	1
Grásleppuveiðar	2
Lax og silungsveiði	13
Malartaka	15
Strandveiðar	2
Undirmálsafla	11
Vanræksla tilkynningar	1
Veiðar án veiðileyfis	1
Veiðarfæri ólögleg	1
Vigtarbrot	3
Vigtun	2

Upplýsingarnar í töflunni er ekki hægt að bera saman innbyrðis eða milli taflna. Í einu og sama málinu getur verið um að ræða nokkrar tegundir brota. Þá getur málum lyktað með viðurlögum og leiðréttingu aflaskráningar. Auk þess geta nokkur brot sama aðila verið sameinuð í eitt mál.

6. Álagning og innheimta

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávarafla á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjaldsins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (tafla 6.2). Við almenna álagningu gjaldsins er gert upp jafnóðum og ákvarðanir eru teknar í málum.

Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskíló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2021 voru alls 1.426 og fjölgaði um 131 frá 2020. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 55,1 milljónum kr. sem er hækkun upp á 12,1 milljón frá fyrra ári.

6.1 Heildarálagning v/umframafla strandveiðibáta árið 2021

Ártal	Mánuður	Fjöldi	Meðaltal	Álagning kr.
2021	Mái	299	30.883	9.234.157
2021	Júní	382	38.641	14.760.863
2021	Júlí	394	42.893	16.899.891
2021	Ágúst	351	40.419	14.186.946
		1.426	38.209	55.081.857

Að neðan má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

6.2 Heildarálagning v/umframafla fiskveiðirárið 2020/2021

Fiskv.ár	Fjöldi	Álagning kr.
2021	30	2.703.424



7. Mannauður

Hinn 31. desember 2021 voru starfsmenn Fiskistofu 61 talsins í 58,2 stöðugildum á 6 starfsstöðvum um landið. Starfsmannavelta Fiskistofu árið 2021 var 14,3% en starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok. Inni í talningunni eru starfsmenn í virku starfi með ótímabundna ráðningu og skipun (57 starfsmenn). Ekki eru taldir starfsmenn með tímabundna ráðningu eða í tímavinnu. Einungis er miðað við aðalstarf.


Eftirtaldir fastráðnir starfsmenn létu af störfum á árinu:

Birgir Smári Karlsson, Guðmundur Ólafsson, Hildur Ösp Gylfadóttir, Sigurður Ásgeirsson og Þórarinn H. Andrésón.

Tölulegar upplýsingar um mannauð og þróun

Tveir þriðju hlutar starfsmanna Fiskistofu eru karlar eða um 63% starfsmanna. Kynjahallinn skýrist að fullu með störfum eftirlitsmanna en í hópi 19 eftirlitsmanna er einungis ein kona en erfitt hefur verið að fá konur í veiðieftirlitið. Í yfirstjórn Fiskistofu var kynjahlutfall jafnt eða 3 karlar og 3 konur. Elsti starfsmaðurinn er 67 ára en yngsti er 26 ára.

Aldursdreifing starfsmanna hjá Fiskistofu var í lok árs eftirfarandi:



Starfsþróun, fræðsla o.fl.

Þekking, reynsla og menntun starfsmanna er ein af helstu auðlindum Fiskistofu. Hlutfall starfsmanna sem hafa fyrstu háskólamenntun eða frekari menntun er 58,5%. Aðrir starfsmenn hafa einnig viðtæka þekkingu og menntun, til dæmis, skipstjórnarmenntun, fiskiðnaðarmenntun, stúdentspróf og iðnmenntun.

Heimsfaraldurinn hafði sem fyrr áhrif á starfsemi Fiskistofu eðli máls samkvæmt. Það dró úr hefðbundnum eftirlitsverkefnum veiðieftirlitsins sökum Covid en önnur

starfsemi Fiskistofu gekk afar vel. Fiskistofa var vel í stakk búin til að takast á við breyttar aðstæður þar sem fjarvinna var orðin hluti af menningu stofnunarinnar fyrir tilkomu heimsfaraldursins og fjarfundamenning ríkjandi þar sem stofnunin er staðsett á sex stöðum um landið. Fiskistofa gat því boðið upp á nánast allar þá fræðslu sem fyrirhuguð var samkvæmt starfsþróunaráætlun.

Haldnir voru reglulegir fræðslufundir á Teams með ýmsum fyrirlesurum, og skemmtanir haldnar rafrænt ásamt því að sviðin gerðu sitthvað skemmtilegt innan síns hóps. Því miður varð að fella árlegan starfsdag allra niður eftir undirbúning en vonast er til að starfsdagur verði haldinn á árinu 2022.

Teknir voru upp reglulegir stuttir upplýsingafundir þar sem allir starfsmenn hittast á Teams og farið yfir hvað er að gerast hverju sinni, slíkir fundir eru haldnir á þriggja mánaða fresti og oftar ef þörf er á.

Mikil Covid-þreyta einkenndi árið hjá mannauðnum og var því hugað að vellíðan í starfi og fóru starfsmenn á námskeið hjá ráðgjafanum Sigríði Huld. Yfir árið var jafnframt reynt að hafa reglulega Teams skemmtanir þar sem starfsmenn gerðu sér glaðan dag. Þá var lögð áhersla á umhverfistengda fræðslu út frá Grænum skrefum en stofnunin hefur unnið mikið að umhverfismálum á árinu og haldnir voru t.a.m. fyrirlestrar um gróðurhúsaáhrif og kolefnisjöfnun, örplast í sjó o.fl. Þá voru nokkrir

fyrirlestrar um persónuvernd og upplýsingaöryggi. Áhersla var lögð á svokölluð örnámskeið en um er að ræða stutt námskeið fyrir starfsmenn (15–30 mín.) á fimmtudögum þar sem m.a. var farið yfir Teams, Outlook, Planner o.fl. Þá fékk starfsfólk Fiskistofu frábæra fræðslu frá Samtökunum '78 þar sem starfsmenn fræddust m.a. um kyneinkenni, kynvitund, kynhneigð og orðanotkun.

Margir starfsmenn Fiskistofu huguðu að símenntun en samþykkt voru tæp 30 slík námskeið á árinu. Nám-

skeiðin fóru langflest fram í gegnum vefinn líkt og svo margt annað á árinu 2021.

Nýtt skipurit 2021 — breytingar á milli ára

Talsverðar breytingar urðu á skipulagi Fiskistofu milli árána 2020 til 2021. Farið var í stefnumótunarvinnu í upphafi ársins. Ákveðið var að leggja áherslu á megin-kjarnasvið stofnunarinnar. Fjármála- og mannauðssvið var lagt niður og heyra málaflökkanir nú undir skrifstofu fiskistofustjóra. Skjalamál og símavarsla voru jafnframt færð undir skrifstofu fiskistofustjóra. Þjónustu- og upplýsingasvið hefur hlotið nýtt nafn og ber nú heitið stjórnsýslu- og upplýsingasvið en frekari áhersla er lögð á stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar. Með nafnbreytingum þessum var jafnframt ákveðið að lögfræðingar stofnunarinnar færu undir umrætt svið en þeir tilheyrðu áður skrifstofu fiskistofustjóra.

Litlir sem stórir sigrar Fiskistofu á árinu — mannauður Fiskistofa er Fiskistofa


Betri vinnutími: Á seinni hluta árs 2020 hófst undirbúningur við að innleiða verkefnið „Betri vinnutími“ hjá Fiskistofu. Verkefnið snýst um að útfæra styttingu vinnuvikunnar eins og samið var um milli ríkisins og stéttarféлага opinberra starfsmanna í síðustu kjarasamningalotu. Styttingin kom til framkvæmda 1. janúar 2021 hjá starfsmönnum á skrifstofu og var ákveðið að innleiða fulla styttingu hjá Fiskistofu (36 klst. vinnuvika). Starfsmenn sem starfa á skrifstofu taka styttinguna út með því að vinna frá kl. 8 til kl. 15.30 frá mánudegi til fimmtudag og til kl. 14 á föstudögum. Útfærslur vegna styttingar hjá veiðieftirliti tóku loks á sig mynd í júní 2021 og varð fyrir valinu einn frídagur í mánuði og að halda inni þeim sveigjanleika sem hefur verið. Gerð var könnun á árinu um kosti og galla *Betri vinnutímans* hjá skrifstofufólki og voru flestir á því að um frábæra kjarabót væri að ræða sem hefði ekki mikil áhrif á verkefnastöðu enda afsalar starfsfólk sér matar- og kaffítímum.

Upplýsingaöryggi: Innleiðing á ISO 27001 staðli upplýsingaöryggis gekk vonum fram og hlaut stofnunin vottun á stjórnkerfi upplýsingaöryggis í júní 2021. Upplýsingaleki og gagnatap eru á meðal helstu ógna sem fyrirtæki og stofnanir þurfa að takast á við í dag og því afar mikilvægt skref sem stigið var með innleiðingu staðalsins, m.a. til að vernda þær upplýsingar sem varða stofnunina sjálfa og samskipti við skjólstaðinga hennar. Fiskistofa er afar hreykin af því að vera búin að innleiða staðalinn.

Stofnanasamningar: Vinna við stofnanasamninga hófst í júní og gekk hún vel og skrifað var undir samninga í nóvember við eftirtalin stéttarfélög: *Fræðagard, Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélag lögfræðinga, Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga,*

Stéttarfélag tölvunarfræðinga, Verkfræðingafélag Íslands og Fín. Stefnt er að hefja viðræður við Sameyki á árinu 2022.

7.1 Hlutfall kvenna og karla hjá Fiskistofu



Jafnlaunavottun: Fiskistofa hlaut endurnýjun jafnlaunavottunar á árinu samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012. Með innleiðingu jafnlaunakerfis samkvæmt jafnlaunastaðli er tryggt að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum séu rekjanlegar, byggi á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Við hjá Fiskistofu erum því afar stolt að hafa hlotið endurnýjun jafnlaunavottunar.

Verkefnastjórnun og verkefnamenning: Á árinu var ákveðið að leggja meiri áherslu á verkefnastjórnun og verkefnamenningu hjá stofnuninn. Meginmarkmið verkefnisins er að auka vitund og skilning á tilurð verkefna og verkefnastýringar. Þá er markmiðið jafnframt að auka þátttöku starfsmanna og liðsvinnu í verkefnum þvert á svið stofnunarinnar og auka þannig upplýsingaflæði milli sviða, meiri nálægð við starfsmenn og koma í veg fyrir múra á milli sviða. Verkefninu er ætlað að vera hluti af menningu stofnunarinnar og er því viðvarandi.

Græn skref: Starfsmenn Fiskistofu unnu hart að því að innleiða Græn skref á árinu og fóru úttektir fram á síðustu skrefunum í lok árs 2021. Fiskistofa hefur farið þá leið að allar sex starfsstöðvar Fiskistofu væru samferða í gegnum hvert skref en hver starfsstöð fór í eigin úttekt á skrefunum. Þannig skapaðist jákvætt andrúmsloft í kringum verkefnið sem einkenndist af liðsheild og samheldni. Það varð snemma ljóst að slík nálgun á umhverfismál er starfsmönnum Fiskistofu í blóð borin enda er það hlutverk stofnunarinnar að standa vörð um eina helstu náttúruauðlind þjóðarinnar.

Upptalning þessi er aðeins brot af þeim mikilvægum verkefnum sem gerð hafa verið hjá frábærum mannauð stofnunarinnar.

8. Upplýsingatækni

Eitt af helstu markmiðum Fiskistofu er stafræn framþróun með aukinni sjálfvirkni, sjálfsafgreiðslu og snjöllum lausnum. Það endurspeglast í stefnu og forgangsverkefnum stofnunarinnar. Margir stórir áfangar náðust á árinu og segja má að Fiskistofa sé á góðri stafrænni vegferð sem mun bæta þjónustu við viðskipavini um ókomin ár.

Á árinu var nýtt mælaborð gangsett þar sem skoða má ýmsar upplýsingar um fiskiskip, hafnir, landanir, fisktegundir og aflamark. Mælaborðið er gagnvirkt og notendur geta valið hvaða upplýsingar þeir vilja skoða með fjölmörgum valmöguleikum svo sem tímabil, hafnir, útgerðir, bátar, tegundir o.fl.

Sett var upp kortasjá í samvinnu við Landmælingar sem hefur fengið nafnið Hafsjá. Þar er hægt að skoða margvíslegar upplýsingar um fiskveiðar á kortagrunni ásamt upplýsingum frá öðrum stofnunum sem tengjast hafinu í kringum Ísland. Þar má til dæmis sjá með myndrænum hætti lokanir hafsvæða með skýringum og tilvísun í reglugerðir.

Mikilvægt skref var tekið á sviði rafrænna skjala þegar tenging við rafrænt pósthólf Ísland.is var sett upp í lok árs og var Fiskistofa fyrst stofnana til að nota samskiptalag ríkisins sem kallast Strauminn (Xroad) á móti pósthólfinu, en sú tækni á að verða aðalvettvangur fyrir rafræn samskipti ríkisins. Með þessu móti getur nú Fiskistofa sent út bréf og tilkynningar með rafrænum hætti og styður þannig við „græna“ þróun og lægra kol-efnispor.

Miklar framfarir urðu líka í rafrænu þjónustulagi Fiskistofu og nú berast afladagbækur með rafrænum hætti beint í gagnagrunna Fiskistofu. Einnig voru settar upp nýjar vefþjónustur á gagnatorgi þar sem hægt er að sækja margvíslegar upplýsingar um landanir o.fl. Þá var virkjað svokallað rekjanleikanúmer með því að tengja saman afladagbækur og löndunargögn. Við skil afladagbókar í gagnagrunn Fiskistofu fær veiðiferðin einkvæmt númer sem fylgir síðan öllum gögnum sem varða aflann og rekur þannig uppruna hans til veiðiferðarinnar. Samráð og samvinna var höfð að leiðarljósi og endurgjöf frá hafnarvigarmönnum nýttist afar vel í þróunarferlinu.

Sérstök áhersla var lögð á öryggismál á árinu, en í maí fór fram úttekt á vegum BSI á Íslandi á upplýsingaöryggismálum hjá Fiskistofu samkvæmt staðlinum ISO 27001. Staðallinn gerir meðal annars kröfu um formlega og vel skilgreinda ferla við rekstur tölvukerfa og þróun hugbúnaðar. Fiskistofa hafði unnið að innleiðingu og undirbúningi í u.þ.b. ár og fékk alþjóðlega vottun í kjölfarið.

Margt annað mætti telja upp hér, svo sem endurgerð innri kerfa, sjálfvirka vöktun og tilkynningar á umframafla. Á næsta ári eru stærstu verkefni í upplýsingatækni ný vefsíða og nýtt umsóknarkerfi fyrir veiðileyfi, hvort tveggja unnið í samstarfi við Stafrænt Ísland, nýtt kerfi fyrir umsýslu byggðakvóta og áframhaldandi endurgerð innri kerfa sem komin eru til ára sinna.



9. Rekstraryfirlit

Samkvæmt rekstraryfirliti Fiskistofu námu gjöldin á árinu 2021 1.079 milljónum króna. Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eins og undanfarin ár eru laun og launatengd gjöld, tæpar 781,6 mm.kr. eða 72,42% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður nam 73,9 m.kr., en Fiskistofa borgaði 115,5 milljónir í húsnæðiskostnað, en fékk á móti tekjur upp á 41,6 milljónir vegna framleigu á hluta húsnæðisins í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði til Matvælastofnunar og hluta af húsnæðinu á Akureyri til Verðlagsstofu skiptaverðs. Aðkeypt þjónusta er 8,5% af heildarútgjöldum eða 91,1 mim.kr., ferða og fundakostnaður 44,7 milljónir sem er ríflega 4% af heildarkostnaði. Sjá meðfylgjandi mynd yfir skiptingu gjalda Fiskistofu.

Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2021 voru kaup á einni bifreið, en á móti var ein bifreið afskrifuð. Keyptir voru drónar til veiðieftirlitsins og eins og á hverju ári var nokkuð um eignakaup hjá upplýsingatæknisviði, aðallega endurnýjun á tölvum og endurnýjaðir voru símar eftirlitsmanna.

Framlag ríkisins til Fiskistofu lækkaði um 24,2 milljónir milli ára, en framlagið á árinu 2021 var tæplega 872,8 milljónir sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 851,1 milljón og framlag til afskrifta 21,7 m.kr. Tekjur stofnunarinnar námu 152,8 milljónum. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur. Sértekjur Fiskistofu á árinu 2021 námu 81,2 milljónum og vega þar þyngst tekjur vegna útleigu á húsnæði og sérstakir verkefnastyrkir frá Atvinnuvegaráðuneytinu. Aðrar rekstrartekjur námu tæplega 71,6 milljónum.

Tap ársins 2021 var 53,7 m.kr. Gert hafði verið ráð fyrir að ganga á eigið fé stofnunarinnar, en eigið fé var í árslok 2020 kr. 86,7 milljónir. Eigið fé í árslok 2021 er því 33 milljónir. Ljóst er að erfitt verður að ná endum saman á

árinu 2022 og í áætlun þess árs er gert ráð fyrir að ganga alveg á eigið fé stofnunarinnar.

Samkvæmt rekstraryfirliti Fiskistofu námu gjöldin á árinu 1.031,4 milljónum króna.


Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld tæpar 750 millj. króna eða 72,7% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður nam 66,8 millj., en Fiskistofa borgaði 108,3 millj. í húsnæðiskostnað, en fékk á móti tekjur upp á 41,5 millj. vegna framleigu á hluta húsnæðisins í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði til Matvælastofnunar og hluta af húsnæðinu á Akureyri til Verðlagsstofu skiptaverðs. Aðkeypt þjónusta er ríflega 9% af heildarútgjöldum eða 93,4 millj., ferða og fundakostnaður 41,9 millj. sem er ríflega 4% af heildarkostnaði. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd yfir skiptingu gjalda Fiskistofu.

Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2020 voru kaup á tveimur bifreiðum, en á móti voru seldar tvær bifreiðar frá árinu 2014. Keyptir voru drónar til veiðieftirlitsins og eins og á hverju ári var nokkuð um eignakaup hjá upplýsingatæknisviði aðallega endurnýjun á tölvum.


Framlag ríkisins til Fiskistofu á árinu 2020 var tæplega 897 milljónir sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 881,6 millj. og framlag til afskrifta kr. 15,4 millj. Tekjur stofnunarinnar námu 121,9 milljónum. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur, sértekjur Fiskistofu á árinu 2020 námu 64,4 milljónum og vegur þar þyngst tekjur vegna útleigu á húsnæði, en aðrar rekstrartekjur voru tæplega 57,5 milljónir.

Tap ársins 2020 var 12,5 millj. Tapið er ívið lægra en gert hafði verið ráð fyrir. Ástæða þess er minni ferðakostnaður vegna Covid og aðrar rekstrartekjur eru lægri af sömu ástæðu. Eigið fé í árslok var 86,9 millj.

Tekjur 2021



Gjöld 2021



Rekstraryfirlit 2021		
Gjöld	2021	2020
Laun og launatengd gjöld	781.615.406	749.990.209
Húsnæði	115.479.511	108.293.426
Aðkeypt þjónusta	91.934.581	93.404.807
Ferðir og fundir	44.743.386	41.916.407
Rekstrarvörur	13.199.912	14.136.142
Bifreiðar og tæki	10.306.244	8.156.775
Vextir, bætur og tilfærslur	295.306	169.574
Afskriftir	21.659.575	15.351.536
Gjöld samtals:	1.079.233.921	1.031.418.876
Tekjur		
Sértekjur	81.206.017	64.391.788
Aðrar reksrartekjur	71.594.246	57.330.950
Tekjur samtals:	152.800.263	121.722.738
Framlag skv. fjárlögum ársins		
Framlag til rekstrar	851.100.000	881.600.000
Framlag til afskrifta	21.659.575	15.351.536
Framlög skv. fjárlögum samtals:	872.759.575	896.951.536
Hagnaður (+)/tap ársins (-)	-53.674.083	-12.744.602
Flutt frá fyrra ári	86.692.696	99.437.298
Eigið fé í árslok:	33.018.613	86.692.696

Sundurliðun tekna 2021

Sértekjur	2021
Húsaleiga	35.301.717
Kostn. Hludt. Í sameiginl. Húsnæði	6.347.662
Kostn. Hludt. Í sameiginl. Þjónustu	12.477.198
Tæki, búnaður og áhöld	476.000
Verkefnastyrkir frá innlendum opinberum aðilum	23.712.165
Rekstrarframlög frá erlendum opinberum aðilum	
Sérfræðiþjónusta	2.424.780
Aðrar tekjur	391.495
Sértekjur samtals:	81.206.017
Aðrar rekstrartekjur	
Vottorð og leyfi Fiskistofu	8.817.749
Aðgangur að gagnaveitu Fiskistofu	1.236.580
Vigtunarleyfi Fiskistofu	3.464.300
Leyfi til framkvæmda við ár og vötn	1.702.940
Eftirlit í lögsögu	34.624.450
Úttekt á búnaði til vinnslu afla um borð í skipi	241.640
Úthlutun aflaheimilda og byggðakvóta	8.365.145
Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild	8.062.456
Tilkynning um stöðu aflaheimilda	4.787.082
Afladagbók	11.600
Sala annarra fastafjarmuna, ýmislegt	280.304
Aðrar rekstrartekjur samtals:	71.594.246
Tekjur samtals árið 2021:	<u>152.800.263</u>

10. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2020

Ögmundur H. Knútsson, fiskistofustjóri

Skrifstofa fiskistofustjóra

Alma Sigurðardóttir
Björk Guðmundsdóttir
Halla Björk Garðarsdóttir
Halla María Sveinbjörnsdóttir
Jódís Lára Gunnarsdóttir
Margrét Einarsdóttir
Margrét Kristín Helgadóttir
Sara Helgadóttir
Þorsteinn Hilmarsson

Lax- og silungsveiðisvið

Guðni Magnús Eiríksson
Sumarliði Óskarsson

Upplýsingatæknisvið

Anna Sigríður Vilhelmsdóttir
Baldvin Baldvinsson
Brjánn Vigfússon
Brynjólfur Þórisson
Elmar Þór Aðalsteinsson
Ólafur Pálmi Guðnason
Ragnheiður Ásta Karlsdóttir
Sigurjón Friðjónsson

Veiðieftirlitssvið

Björg Þórðardóttir
Dórothea Jónsdóttir
Elín Björg Ragnarsdóttir
Jóhann Ásmundsson
Njáll Ragnarsson
Sævar Guðmundsson
Viðar Ólason
Þórir Sigfússon

Veiðieftirlitsmenn

Arnar Tryggvason
Árni Jón Erlendsson
Birgir Mar Guðfinnsson
Einar Tómasson
Eyþór Þórðarson
Heimir Sigurður Karlsson
Ingólfur Ingólfsson
Jón Bek
Óli Þór Jóhannsson
Rafn Erlingsson
Ríkarð Ríkarðsson
Sigurður Björn Gunnarsson
Sigurður J. Pálmason
Sigurjón Magnús Skúlason
Sigurpáll Sigurbjörnsson
Soffía Árnadóttir
Sólmundur Gísli Bergsveinsson
Tryggvi Tryggvason
Þorbergur Kjartansson
Þórarinn Traustason

Stjórnsýslu- og upplýsingasvið

Anna Guðrún Árnadóttir
Anna Þormar
Baldvina Karen Gísladóttir
Daði Tryggvason
Erna Jónsdóttir
Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir
Gunnar Hallgrímur Sigurðsson
Hildur Jana Júlíusdóttir
Hreiðar Eiríksson
Óttar Gautur E. Erlingsson
Svana Helgadóttir
Þórunn Margrét Jónasdóttir